

Flóahreppur
Þingborg
801 SELFOSS

Garðabær, 29. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0031
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna breyttrar legu Selfosslínu 1.

Vísað er í tölvubréf frá Flóahreppi sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 8. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps og Árborgar vegna breyttrar legu Selfosslínu 1.

Áformað er að taka niður núverandi Selfosslínu 1 á kafla frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verður lagður 132 kV jarðstrengur. Nýi strengurinn mun í meginráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegar og fara yfir nýja brú yfir Ölfusá.

Niðurrifi loftlínu munu fylgja jákvæð áhrif á fuglalíf því líkur á áflugshættu munu minnka við hvarf línunnar. Koma þarf í veg fyrir mengunarhættu við framkvæmd niðurrifs línunnar og fjarlægja alla hluta hennar.

Ef kynntir valkostir við legu jarðstrengsins verða fyrir valinu er líklegt að austan Ölfusár verður litið rask við lagningu jarðstrengsins til viðbótar við það sem mun fylgja lagningu nýs Suðurlandsvegar. Vestan Ölfusár mun verða rask á lítt snortnu svæði meðfram vesturbakka Ölfusár norður að mastri nr. 99. Rýna ætti hvernig gróðurlendi og búsvæði fugla verða fyrir áhrifum af raskinu. Stór hluti þess verður innan skógræktarsvæðis.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Flóahrepps um umsókn Vegagerðarinnar fyrir framkvæmdarleyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá þann 26. júní 2023. Þar komu fram ábendingar varðandi umhverfisáhrif vegagerðarinnar sem einnig eiga við um lagningu jarðstrengsins og vert er að hafa í huga við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar. Einkum mikilvægi þess að huga að mótvægisáðgerðum vegna skerðingar á votlendi þ.e.a.s. endurheimt votlendis. Ekki liggur fyrir hvar stefnt er að endurheimt votlendis og er Náttúrufræðistofnun tilbúin til að veita ráðgjöf um val svæða fyrir endurheimt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á fleiri ábendingum síðar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

